

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um aukna áherslu á umhverfismál í skóla- og frístundastarfi

Flokkur fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að í skóla- og frístundastarfi sé lögð meiri áhersla á umhverfismál, bæði með símenntun og starfsþróun starfsfólks og svo þátttöku allra stofnana í formlegum umhverfisverkefnum eins og Grænum skrefum og Grænfánaverkefni Landverndar.

Greinargerð

Gildi umhverfisverndar og þekkingar á umhverfismálum er óumdeilanlegt. Í Aðalnámskrá er kveðið á um, í kaflanum Náttúruvísindi í samfélaginu, að gera megi ráð fyrir að athygli nemenda beinist í vaxandi mæli að málefnum er varða nýtingu auðlinda og náttúruvernd. Nemendur þurfa að geta fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast umhverfisvernd og skilja hvað felst í hugtakinu sjálfbær. Þá birtast markmið í umhverfismennt undir yfirheitinu „Að búa á jörðinni“ og er sérstök áhersla lögð á umhverfismál og sjálfbæra þróun í 8.–10. bekk. Nemendur eru hvattir til að sýna áhuga og ábyrgð á nánasta umhverfi og velferð lífvera gera sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana, kunna að flokka úrgang sem fellur til á heimilum og skilja tilganginn með flokkuninni eins og segir í Aðalnámskrá.

Tvö græn verkefni hafa verið í gangi í skólum borgarinnar á liðnum árum. Grænfánaverkefni og svo Græn skref. Fjölmarginir skólar og leikskólar eru Grænfánaskólar og einnig tilheyrir fjöldi grunnskóla, leikskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar Grænum skrefum sem fela í sér fjögur skref. Sumir skólar hafa kosið að feta Grænu skrefin frekar en grænfána út af kostnaði við verkefnisstjórn (greiða þarf þátttökugjald til Landverndar vegna kostnaðar). Umhverfismál eru mál sem varða okkur öll. Börn eru almennt áhugasöm og því mikilvægt að þau fái góðan grunn og tækifæri til að vera sjálf frumkvöðlar á þessu sviði.